

Kennslusvið
25.11.2020/RH,ÐK

Bókfærð mál.

Dagskrárliður 6.e. Framlenging bráðabirgðaákvæðis í 47. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 (varðar fagháskólanám).

Lagt er til að eftirfarandi bráðabirgðaákvæði aftast í 47. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 verði framlengt um þrjú ár með eftirfarandi breytingu (breytt orðalag dekk):

„Fagháskólanám. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. skal eftirfarandi gilda um háskólaárin **2021-2022, 2022-2023 og 2023-2024**: Öðrum en þeim sem uppfylla skilyrði um inntöku í grunnnám í Háskóla Íslands má í tilraunaskyni heimila að hefja skilgreint fagháskólanám sem skipulagt er af háskóladeild og leitt getur til inntöku í grunnnám til prófgráðu í viðeigandi grein. Fagháskólanám er að lágmarki 60 eininga nám á faglegri ábyrgð deildar og að jafnaði skipulagt sem tveggja ára nám með starfi og eftir atvikum 30 eininga starfsþjálfun til viðbótar. Standist nemandi námskröfur fagháskólanámsins getur hann hafið grunnnám til prófgráðu (bakkalárgráðu) og fengið 60 eininga fagháskólanámið metið sem hluta af því námi.

Við inntöku í fagháskólanám skal við það miðað að umsækjandi hafi þriggja ára starfsreynslu í viðeigandi starfsgrein og hafi aflað undirbúnings sem telst eftir atvikum sambærilegur við þann sem felst í staðfestri námsbraut fyrir leikskólaliða (leikskólabró) samkvæmt gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla. Hliðstæðar kröfur eiga við um inntöku nemenda í annað fagháskólanám sem kann að verða skipulagt í tilraunaskyni. Viðkomandi deild tekur ákvörðun um inntöku í fagháskólanám í samráði við sviðsstjóra kennslusviðs.”

Skýring

Tillaga þessi að ákvæði til bráðabirgða er lögð fram með tilvísun í 47. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, sbr. einnig 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Hér aftar er til upprifjunar upphaflegur rökstuðningur fyrir ákvæðinu, sem þörf er á að framlengja. Menntavísindasvið hefur nýtt sér ákvæðið í góðu samstarfi við vettvang, m.a. Keili, til að standa fyrir fagháskólanámi í leikskólafræði, en nú stunda þar 23 nemendur námið á Suðurnesjum og þurftu sumir að nýta sér ákvæðið. Menntavísindasvið er að horfa til þess að útvíkka úrræðið fyrir fleiri landshluta, enda er gríðarleg þörf á að efla menntun starfsfólks leikskóla og fjölga leikskólakennurum. Aðrar greinar í fagháskólanámi hafa einnig nýtt sér ákvæðið, en þó í minna mæli, en aðsókn t.d. í heilbrigðisgagnafræði hefur farið fram úr björtustu vonum.

Rökstuðningur fyrir upphaflegu ákvæði frá 2018:

„Háskóli Íslands hefur fengið fjárstyrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til að þróa fjögur fagháskólaverkefni við skólann, þ.e. í heilbrigðisgagnafræði, leikskólafræði, ferðamálafræði og iðn- og tæknigreinum. Fagháskólanám er skilgreint sem hagnýtt nám á háskólastigi sem lýkur með sérstöku prófskírteini, diplómu, standist nemandi námskröfur. Markmið slíks náms er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi er því ætlað að auðvelda einstaklingum sem hafa starfsreynslu í viðkomandi grein, en uppfylla ekki inntökuskilyrði háskóla, að hefja háskólanám að undangengnum tilteknum undirbúningi. Í öðru lagi er markmiðið að slíkt nám sé hagnýtt háskólanám og hafi sterkari tengsl við vettvang, en gengur og gerist almennt um háskólanám. Í þriðja lagi er markmiðið að þeir sem uppfylla námskröfur í fagháskólanámi geti bætt við sig áframhaldandi háskólanámi og lokið námi til prófgráðu í grunnnámi (bakkalárgráðu). Til frekari upplýsingar um fagháskólanám, sjá niðurstöðu verkefnishóps um fagháskólanám, tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra:

https://www.hi.is/sites/default/files/petura/9e_nidurstada_verkefnishops_um_faghaskolanam.pdf

Háskóli Íslands hefur hafið tilraunaverkefni í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands og Samtök sunnlenskra sveitafélaga sem miðar að því að ná markmiðum fagháskólanáms í leikskólafræði. Um er að ræða tveggja ára fagháskólanám í leikskólafræði með vinnu, þ.e. 60 eininga nám á hálfum hraða. Háskóli Íslands ber faglega ábyrgð á náminu og sér um skipulag þess. Háskólafélag Suðurlands sér um skráningu nemenda og utanumhald. Tólf nemendur sóttu um námið. Fimm þeirra uppfylla formleg inntökuskilyrði í grunnám og sex hafa umtalsverða reynslu af starfi á leikskóla og hafa lokið leikskólaliðanámi í framhaldsskóla, auk viðbótareininga, mismargra, en uppfylla ekki inntökukröfur Deildar kennslu- og menntunarfræði.

Með tillögu þessari um ákvæði til bráðabirgða er lagt upp með að nemendur sem ekki uppfylla núverandi inntökukröfur en (i) hafa umtalsverða reynslu af starfi á leikskóla; (ii) hafa lokið leikskólaliðanámi (eða sambærilegu námi), auk viðbótareininga; og (iii) standast námskröfur í inngangsnámskeiði sem kennt er hjá Háskólafélagi Suðurlands haustið 2018 á vegum Deildar kennslu- og menntunarfræði við Menntavísindasvið HÍ, fái heimild til að skrá sig til fagháskólanáms við deildina á vormisseri 2019. Standist þessir nemendur kröfur fagháskólanámsins öðlast þeir síðan rétt til áframhaldandi grunnnáms til prófgráðu í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands.

Til skýringar er þess að geta að leikskólaliðanámi í framhaldsskóla miðast við þriggja ára starfsreynslu og um 200-240 stunda starfstengd námskeið. Þeir sem ekki hafa þriggja ára starfsreynslu þurfa að fara í starfsnám og þeir sem ekki hafa lokið tilgreindum námskeiðum þurfa að taka fleiri einingar.

Auk fagháskólanáms í leikskólakennarafræði er bráðabirgðaákvæðinu ætlað að taka til inntöku í aðrar fagháskólagreinar sem eftir atvikum kunna að verða skipulagðar í tilraunaskyni, þ.e. að hliðstæðar kröfur eigi þá við um inntöku nemenda í annað fagháskólanám. Tilraunaverkefnið með fagháskólanám í leikskólakennarafræði er farið af stað og mikilvægt að tryggja réttarstöðu nemendanna. Ráðgert er að hin verkefnin þrjú sem verið er að undirbúa með viðkomandi deildum (í heilbrigðisgagnafræði, ferðamálafræði og iðn- og tæknigreinum) verði hleypt af stokkunum haustið 2019.“